

Nd. 516. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Í stað orðanna „á árunum 1957—1962, að báðum árum meðtöldum“, í 1. mgr. 1. gr. laganna, komi: fram til ársloka 1963.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við undirbúning reglugerðar, sem setja skal samkvæmt lögum nr. 36, 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, og í samráði við Seðlabankann, ríkisbankana og Iðnaðarbanka Íslands h.f. hefur þótt eðlilegt að miða heimild til breytingar lausaskulda iðnaðarins í föst lán við árslok 1963 og taka þá með lausaskuldir iðnaðarins, sem af sömu orsökum og í lögnum greinir kann að hafa verið stofnað til árið 1963. Við framkvæmd málsins hefur ekki verið talið raunhæft að binda þá fyrirgreiðslu, sem löggin heimila, við nokkurt fyrra tíma-
mark um það, hvenær til skulda var stofnað. Er því lagt til, að ákvæði það í gildandi lögum, sem bindur fyrirgreiðsluna við það, að skuldin sé eigi eldri en frá árinu 1957, verði fellt niður.